

Félagsfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands 21. maí 2025

Fyrirlesari: Guðni Th. Jóhannesson, fyrrverandi forseti og núverandi prófessor í sagnfræði.

Efni: „Fræðimaður á forsetastóli, kostir og gallar”

Mættir: 51 skráður, félagsmenn og nokkrir gestir.

Formaður setti fund að loknum aðalfundi Öldungadeildar kl. 16:30, kynnti fyrirlesara fundarins og gaf honum orðið. Guðni Th. Jóhannesson sagði okkur frá hugmyndum sínum og hugleiðingum við undirbúning á bók sem á að fjalla um fræðimanninn á forsetastóli. Guðni leggur upp með hugmynd að sjö köflum.

1. Loddaraliðan, að hann væri „impostor” á forsetastóli. Þetta var ekki æskudraumur og eiginlega var hann „bráðkvaddur” og hvattur til framboðs. Fræðimennskan gagnaðist ekki til að vita hvað hann ætlaði að gera.
2. Þekking úr kennslu og fyrirlestrahaldi. Vissulega gat það verið kostur t.d. til að geta tekið á móti Aðalritara SP, Ban Ki Moon eins og hverjum öðrum gestafyrirlesara. En hann gat ekki gripið ræður skrifaður að öðrum.
3. „Að því sögðu”: Fræðilegur þankagangur gat verið til trafala, alltaf gagnrýni og efi. Hann varð aldrei fullviss þjóðhöfðingi eins og Ólafur Ragnar.
4. „Góðir Íslendingar”: Fræðileg gagnrýni vinnur gegn sameingartákninu sem felst í þjóðernistilfinningunni. En tíðarandinn hefur líka breyst og helgi forsetaembættisins orðin minni. Samt er embættið enn sameiningartákn ekki síst a erfiðum stundum.
5. „Sagan segir okkur”, um notkun og misnotkun þjóðhöfðingja á sögunni. Mannkynssagan er saga Sigurvegaranna, hetjudáða og hetjudauða. Putin er nærtækt dæmi.
6. „Það sagði ég aldrei”. Þetta var Nöldrið. Komandi úr háskólasamfélaginu reyndi hann að koma nýrri söguskoðun á framfæri þannig að ómenntuð sveitakona gæti skilið en þetta var túlkað sem niðrandi tal um fávísan lýð.
7. Áhrifastuðullinn – „impact factor” Háskólamenn hafa ekki sömu áhrif og þjóðhöfðingi. Hann kom til okkar öldunga af því hann langaði til að tala til þeirra sem vilja hlusta.

Guðni lauk máli sínu á því að segja að hann hefði notið þess að gegna forsetaembættinu en aldrei hugsað sér að tíminn yrði lengri en tvö tímabil.

Guðna svari fúslega fyrirspurnum og athugasemdum og kom m.a. fram að embættið hefur breytt fræðimanninum, aukið víðsýni og gert hann gagnrýnni á skriflegar heimildir og hann svaraði því játandi að hann hefði skrifað dagbók.

Fundi slitið kl. 17:20.